



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 26. ágúst 2022

2207022SA KB

Málalykill: 02.61

Efni: Rammi að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. ágúst 2022 var lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26 ágúst 2022, um ramma að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin þakkar fyrir greinargott minnisblað og telur þann grunn sem nú hefur náðst samstaða um skapa forsendur til þess að fjölga þeim sveitarfélögum sem taka á móti flóttafólki. Sveitarstjórnun er bent á að ítarleg frétt um samkomulagið er á vef sambandsins, ásamt upptöku frá kynningarfundum sem haldinn var 24. ágúst sl. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að kynna sér efni samkomulagsins og taka afstöðu til þess hvort sveitarfélögin geti tekið þátt í þessu mikilvæga samfélagslega verkefni. Stjórnin ítrekar að lokum mikilvægi þess að stuðningur við börn og ungmenni verði útfærður nánar í góðu samráði við sveitarfélögin.“

Framangreint tilkynnist hér með

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026